

Fundargerð stjórnar

67. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn fimmtudaginn 17. nóvember, 2005 að Austurvegi 2, Selfossi. (Ráðhús-Egilssetur)

Mættir: Einar Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.

Einnig mætti á fundinn: Magnús Skúlason, framkvæmdastjóri Heilsugæslustofnunar Selfossi, Ingvar Guðmundsson, formaður Björgunarfélags Árborgar, Stefán Helgason varaformaður Björgunarfélags Árborgar og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.45

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Húsnæðismál

Einar fór yfir stöðu mála frá síðasta fundi sama hóps þann 10. nóvember s.l. en þar kynntu fulltrúar JÁ eignafélags hugmyndir að stóru húsi að Austurvegi 69a Selfossi sem fyrirhugað er að reisa.

JÁ bauð BÁ, Heilsugæslustofnun og Björgunarfélagi Árborgar að leigja í þessu húsi ásamt öðrum aðilum.

Einnig fór hann yfir stöðu mála varðandi byggingu “Björgunarmiðstöðvar” við Árveg á Selfossi sem Björgunarfélag Árborgar hyggst reisa, en það mál var einnig rætt á umræddum fundi.

Einar fór einnig yfir umræður á fundinum 10. nóv. en þar var rætt um að Björgunarfélagið þyrfti að leggja fram örugga tryggingu þess efnis að félaginu væri ekkert að vanbúnaði að ráðast í þessa framkvæmd við Árveg.

Fyrir væri ekki hægt að ræða hugsanlega þátttöku BÁ í þessu húsi.

Einnig var rifjuð upp umræða um lóðarmál og útboðsskildu vegna leigumála ríkisins.

Ingvar lýsti því yfir að Björgunarfélaginu væri ekkert að vanbúnaði að hefja þessa framkvæmd og dreifði álitum lögmanna þar sem umsögn þess efnis var tíunduð.

Magnús taldi ekkert því til fyrirstöðu að Heilsugæslustofnun gæti tekið þátt í verkefninu með því að leigja af Björgunarfélaginu húsnæði. Hann hefði kannað málið hjá Innkaupastofnun og Fjármálaráðuneytinu.

Einar sagði frá umræðum sem fram hafa farið meðal forystumanna Árborgar þar sem áhugi er á byggingu “Björgunarmiðstöðvar” þar sem Brunavarnir Árnessýslu, Björgunarfélag Árborgar og sjúkraflutningar Heilsugæslustofnunar væru til húsa.

Gunnar lýsti áhuga sínum á byggingu miðstöðvarinnar við Árveg.

Snæbjörn hafði á fundinum 10. nóv. bent fulltrúum heilsugæslustofnunar á að huga að stækkunarmálum sjúkrahúss með tilliti til nýtingar lóðar. En þar sem Magnús sagði að málið hefði verið kannað og niðurstaða fengist að ekkert væri í vegi fyrir því að byggja húsið á lóð stofnunarinnar við Árveg litist honum ágætlega á hugmyndina.

Einar bað um fundarhlé svo stjórnendur BÁ gæti fundað um málið án þátttöku annarra fundarmanna.

Eftir fundarhlé lýsti stjórn BÁ því yfir að hún mælti með þátttöku í “Björgunarmiðstöðinni” við Árveg með f.v. um samþykki aðildarsveitarfélaga BÁ.

Stjórnin fór þess á leit við fulltrúa björgunarfélagsins að þeir legðu fram drög af viljayfirlýsingu þar sem m.a kæmi fram leiguverð, hönnunarforsendur, afhendingartími, samstarfslýsing um nýtingu hússins o.fl.

Ingvar sagði að þeir hefðust handa strax varðandi þessa undirbúningsvinnu.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þessi upphafsspor um byggingu sameiginlegrar miðstöðvar.

2. **Trúnaðarmál**

Formaður ræddi trúnaðarmál sem fært verður í trúnaðarbók.

3. **Önnur mál**

Slökkviliðsstjóri greindi frá fyrirhuguðum viðræðum hans við slökkviliðsmenn í Gnúpverja- og Hrunamannahreppi með tilliti til væntanlegrar sameiningar slökkviliðs Gnúpverja við BÁ.

Slökkviliðsstjóri ræddi aðkomu Rauðakrossdeildar Árnessýslu og Almannavarna að sameiginlegri “Björgunarmiðstöð”

Samþykkt að kanna málið frekar.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.45

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson